

Nr. 18-151 S 100 Kjói ÞH***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 7723
Smíðaður: Holland 2012, trefjaplast.
Útgerð: Húsavík Adventures ehf
Stærð: 11,75 bt.
Mesta lengd: 11,29 m Skráð lengd: 10,75 m
Breidd: 3,28 m Dýpt: 1,52 m
Vél: Yanmar 211 kW, 2011
Fjöldi skipverja: 2
Farþegar: 6



Kjói©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli

Atvikalýsing:

Þann 6. ágúst 2018 var farþegabáturinn Kjói á siglingu með farþega á Skjálfanda. Veður: NA 5 m/s.

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og farþegabáturinn Kría ÞH dró hann til hafnar á Húsavík.

Við rannsókn kom fram:

- að á landleið fór straumur af siglingartækjum og vélar bátsins fóru báðar á lágsta snúningshraða. Við þær aðstæður drap skipstjórinn á vélunum;
- að í ljós kom að spennujafnari (12/12volt) hafði brunnið yfir;
- að ekki var hægt að koma vélum í gang aftur þar sem stjórnborðið fyrir þær varð einnig straumlaust.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.